

Starfsemin á 1F 2021

- Loðnuvertíð var gjöful og mikil verðmæti búin til úr litlu aflamarki þar sem þekking starfsfólks og fjárfestingar undanfarinna ára nýttust vel
- Staða á botnfiskmörkuðum var erfið vegna heimsfaraldurs en markaðir eru að taka við sér
- Endurskipulagning á rekstri botnfiskssviðs í gangi með tilliti til fjárfestinga í landsvinnslu í Norðurgarði
- Hafin vinna við að skoða nýja hátækni uppsjávarvinnslu á Vopnafirði
- Sameiginleg árs- og samfélagsskýrsla gefin út í fyrsta skipti en í fjórða sinn sem Brim birtir samfélagsskýrslu

Helstu niðurstöður úr fjárhagsuppgjöri 1F 2021

- Hagnaður tímabilsins var 10,9 m€
- Sambærileg sala milli ára, var 71,3 m€ á fjórðungnum samanborið við 72,8 m€ á fyrsta fjórðungi 2020
- EBITDA er 19,2 m€ og EBITDA% 26,9%
- Eignir hækkuðu um 16,6 m€ frá áramótum og voru 782 m€
- Sterk eiginfjárstaða þar sem eiginfjárhlutfall var 43% í lok tímabilsins

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Afkoman á fyrsta fjórðungi ársins var góð. Rekstur Brims var stöðugur en miklu skipti að loðnuveiðin gekk vel eftir tveggja ára veiðibann. Loðnuvertíðin var gjöful og mikil verðmæti búin til úr litlum afla þar sem þekking starfsfólks og fjárfestingar undanfarinna ára nýttust vel í þessari verðmætasköpun.

Heimsfaraldurinn hafði áhrif á verð á mörkuðum á botnfiski. Afurðaverð á þorski og ýsu hélt sér en vegna minni eftirspurnar á karfa og ufsa lækkaði verð á þeim tegundum. Nú þegar áhrifin af heimsfaraldrinum minnka vonumst við til að markaðir fyrir sjávarafurðir nái aftur fyrra jafnvægi. Ísland er með jákvæða ímynd í umhverfismálum í sjávarútvegi sem styður við stöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Brim er öflugt félag sem hefur í áratugi fjárfest í aflaheimildum, nýrri tækni bæði til sjós og lands og þekkingu starfsfólks. Jafnframt hafa hluthafar skilið eftir hagnað í félaginu sem gerir það að verkum að eigið fé félagsins er sterkt og nýttist það vel þegar að rekstraraðstæður versna eins og gerðist í heimsfaraldri vegna Covid-19.“

Brim hf. uppgjör 1F 2021

Fréttatilkynning

Rekstur

EUR '000	1F 2021	1F 2020
Seldar vörur	71.337	72.750
Kostnaðarverð seldra vara	(52.230)	(63.048)
<i>þar af veiðigjald</i>	1.253	625
<i>þar af afskriftir</i>	4.135	3.366
Vergur hagnaður	19.107	9.702
Útflutningskostnaður	(1.448)	(2.255)
Annar rekstrarkostnaður	(2.633)	(3.104)
Rekstrarhagnaður	15.026	4.343
Fjáreignatekjur	983	181
Fjármagnsgjöld	(1.839)	(1.524)
Gengismunur	(305)	(1.802)
Áhrif hlutdeildarféлага	413	(346)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	14.278	852
Tekjuskattur	(3.362)	(371)
Hagnaður tímabilsins	10.916	429
EBITDA	19.161	7.709

Seldar vörur námu á 1F 2021 71,3 m€ samanborið við 72,8 m€ á sama tíma árið áður. Aukning var í sölu hjá sölufélögum í Asíu sem nam 21%.

Rekstrarhagnaður eykst um 10,7 m€ milli tímabila sem skýrist fyrst og fremst af loðnuvertíð þar sem allur afli fór til manneldis.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 19,2 m€ eða 26,9% af rekstrartekjum, en var 7,7 m€ eða 10,6% á fyrsta fjórðungi 2020.

Nettó fjármagnskostnaður lækkar um 0,5 m€ og eins lækkar neikvæður gengismunur um 1,5 m€ milli tímabila.

Hagnaður fyrir tekjuskatt var 14,3 m€, samanborið við hagnað að fjárhæð 0,9 m€ á fyrsta fjórðungi 2020. Tekjuskattur var 3,4 m€ og hagnaður fyrsta ársfjórðungs 2021 því 10,9 m€ samanborið við 0,4 m€ hagnað fyrsta fjórðung ársins 2020.

Efnahagur

EUR '000	31.03.2021	31.12.2020	31.03.2020
Fastafjármunir	645.630	647.862	553.932
Veltufjármunir	135.912	117.126	150.316
Eignir samtals	781.542	764.988	704.248
Eigið fé	334.234	337.470	306.405
Langtímaskuldir	321.574	325.852	317.108
Skammtímaskuldir	125.734	101.666	80.735
Eigið fé og skuldir	781.542	764.988	704.248

Heildareignir félagsins námu 782 m€ í lok 1F 2021. Þar af voru fastafjármunir 646 m€ og veltufjármunir 136 m€.

Breyting í veltufjármum frá lokum árs 2020 er skýrð með aukningu á birgðum upp á 13,2 m€.

Fjárhagsstaða félagsins er sterk og nam eigið fé 334 m€ og var eiginfjárlutfall 43% í lok fjórðungsins samanborið við 44% í lok árs 2020. Heildarskuldir félagsins

voru 447 m€ í lok fjórðungsins og lækkuðu nettó vaxtaberandi skuldir um 14 m€ úr 299 m€ í 285 m€. Þegar leiðrétt er fyrir lánnum til APF og Grábrókar eru nettó vaxtaberandi skuldir 193 m€.

Sjóðstreymi

EUR '000	2021	2020	
	1.1-31.3	1.1-31.3	
Handbært fé frá rekstri	14.978	21.277	Handbært fé frá rekstri nam 15 m€ á fyrsta fjórðungi ársins, en var 21,3 m€ á fyrsta fjórðungi 2020. Fjárfestingarhreyfingar voru óverulegar á fjórðungnum og sama má segja um fjármögnunarhreyfingar þar sem breyting milli tímabila skýrist af hækkun skammtímaláns um 2,3 m€.
Fjárfestingarhreyfingar	(481)	(7.150)	
Fjármögnunarhreyfingar	(7.024)	(4.489)	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	7.473	9.638	
Handbært fé í upphafi tímabils	21.596	53.497	
Handbært fé í lok tímabilsins	29.069	63.135	Hækkun á handbæru fé á fjórðungnum var 7,5 m€ og stóð í 29 m€ í lok fjórðungsins.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrsta fjórðungs ársins 2021 (1 evra = 154,3) verða tekjur 11 milljarðar króna, EBITDA 3 milljarðar og hagnaður 1,7 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 31. mars 2021 (1 evra = 148,1) verða eignir samtals 115,7 milljarðar króna, skuldir 66,2 milljarðar og eigið fé 49,5 milljarðar.

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 31. mars 2021 var 50,4 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 96,8 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 992.

Samþykkt árs hlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 20. maí 2021. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

Kynningarfundur þann 20. maí 2021

Rafrænn kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 20. maí næstkomandi og hefst kl. 16:45, þar mun Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynna uppgjör fjórðungsins.

Fundurinn verður eingöngu rafrænn og hægt verður að fylgjast með fundinum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Brim hf. uppgjör 1F 2021

Fréttatilkynning

Fjárhagsdagatal

Annar ársfjórðungur	26. ágúst 2021
Þriðji ársfjórðungur	18. nóvember 2021
Fjórti ársfjórðungur	24. febrúar 2022

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Gréta María Grétarsdóttir, framkvæmdastjóri samfélagsábyrgðar, nýsköpunar og fjárfestatengsla í síma 781-8282 eða fjarfestatengsl@brim.is